

Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Blæs 2010-2011

Í æskulýðsnefnd 2010-2011 sátu Þórhalla Ágústsdóttir æskulýðsfulltrúi, Þórður Júlíusson, Rósa Dögg Þórsdóttir, Anna Bergljót Sigurðardóttir, Vilborg Stefánsdóttir, Heiðrún Þorsteinsdóttir, Gullveig Ösp Magnadóttir og Helga Rósa Pálsdóttir.

Í Blæ er áhersla lögð á að halda uppi öflugu æskulýðsstarfi enda er það grunnurinn að framtíð félagsins. Reynt er að hafa sem flesta viðburði á vegum félagsins við hæfi allra aldurshópa og brúa kynslóðabilið sem víðast. Þannig eru allir félagsreiðtúrar t.d. miðaðir við að krakkar geti tekið þátt í þeim og hestaferð félagsins er við hæfi allra sem orðnir eru þökkalega hestfærir.

Æskulýðsstarfið hófst með jólafondri í desember þar sem krakkarnir gerðu skemmtilegar glermyndir og fleira föndur, lesin var jólasaga, boðið uppá piparkökur og spjallað um vetrarstarfið.



Dagný Ásta Rúnarsdóttir var tilnefnd frá Blæ til vals á íþróttamanni Fjarðabyggðar sem fram fer í desember ár hvert. Allir félagsmenn koma til greina við það val en yfirleitt er það yngri kynslóðin sem hlýtur þann heiður enda vel við hæfi.



Í janúar hófst röð **hestúsaheimsókna** sem er nýbreytni hjá æskulýðsdeildinni. Annan hvern miðvikudag fóru krakkarnir ásamt nefndarmeðlimum og foreldrum í heimsókn til hestafólks í Norðfirði sem tók vel á móti ungviðinu. Einn staður var heimsóttur hverju sinni og fengu krakkarnir að kynnst og aðstoða við daglega umhirðu hestanna, klappa þeim og stundum að skreppa á bak, ásamt því að fara í leiki og fá sér hressingu. Þessar heimsóknir gengu mjög vel og voru vinsælar og fá allir

gestgjafar bestu þakkir fyrir móttökurnar. Krakkarnir höfðu mjög gaman af því að komast nær hestunum í starfinu auk þess sem þau kynntust hestafólkinu betur og efldu tengslin milli yngri og eldri félaga. Auk þessara hesthúsaheimsóknna sem voru opnar öllum aldurshópum og yngri deildin nýtti mjög vel, tóku Hafrún og Margrét Ósk að sér að efla starfið hjá eldri krökkunum og verður unnið að því áfram. Þau héldu m.a. pizzu- og spilakvöld og fleira.



Í febrúar fengum við Ellen og Angie frá Freyfaxa með skemmtilegt hestaleikjanámskeið og var það fyrsti formlegi viðburðurinn í nýju reiðskemmunninni okkar, en gott var að eiga skjól í henni í rigningunni og rokinu sem buldi úti. Þáttakendur á námskeiðinu voru 13 á aldrinum 6- 15 ára. Námskeiðið var þáttakendum að kostnaðarlausu.



Í apríl voru opnir ókeypis tímar á sunnudögum í reiðhöllinni fyrir þá krakka sem vildu nýta sér það. Í þeim mánuði var stefnt að hestakrakkaferð í Hérað til að fylgjast með/taka þátt í opnu æskulýðsmóti þar, en sú ferð féll niður þar sem þátttaka var lítil sem engin.

Æskulýðsdagar voru haldnir 17.-19. júní. Æskulýðsdagar hafa nokkuð lengi verið árviss atburður í félaginu og á undanförunum árum hefur þátttakan sífellt verið að aukast. Í ár tóku um 30 krakkar á aldrinum 4-16 ára þátt í æskulýðsdögum. Helga Rósa Pálsdóttir var leiðbeinandi og fórst það mjög vel úr hendi. Þó hestamennska og fræðsla tengd henni sé í fyrirrúmi á þessum dögum þá er ýmislegt fleira sér til gamans gert s.s. farið í sundferðir, leiki, sungið, haldnar kvöldvökur, farið í gönguferðir, óvissuferðir og grillað. Listasmiðjur voru alla daganan þar sem unnið var með ull og gler og auk þess var sett upp smíðaverkstæði sem framleiddi bíla og flugvélar. Síðasta daginn var slegið upp sýningu þar sem allir léku listir sínar í þrautabraut í reiðhöllinni og elstu krakkarnir kepptu á tíma. Allir voru velkomnir á sýninguna sem var vel sótt og endaði með grillveislu. Æskulýðsnefndin og félagar úr Blæ vinna mikla sjálfboðavinna á æskulýðsdögum, t.d. þarf að sjá um matinn, vera með í reiðtúrum og gæta barnanna á nóttunni, flytja börnin í sund og á aðra viðburði sem fram fara utan hestasvæðis, auk þess að sjá um allan undirbúning. Börnin dvelja á félagssvæðinu meðan á æskulýðsdögum standur, í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsi Blæs. Öllum krökkum sem geta útvegað sér reiðskjóta er heimil þátttaka á æskulýðsdögum og þátttökugjald er ekkert. Á æskulýðsdögum 2011 höfðum við í fyrsta sinn inniaðstöðu sem við gátum nýtt þegar rigndi og blés kalt og kom það sér mjög vel þar sem allir reiðtímar stóðust og kennslan nýttist til fullnustu.



Einn þátttakandi úr æskulýðsdeildinni tók þátt í Youth Camp í Skotlandi í sumar. Það var Dagur Mar sem fór þangað og styrkti æskulýðsdeildin hann til fararinnar.

Tveir úr deildinni kepptu á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í sumar, Dagný Ásta á Vonarstjarna og Hrönn á Vífli. Þrír keppendur tóku þátt í hestaíþróttum á unglingalandsmóti UMFLÍ á Héraði um verslunarmannahelgina, þær Sunna Júlía á Skrúði, Dagný Ásta á Vonarstjarna og Hrönn á Vífli og fengu þær einnig styrk til fararinnar frá æskulýðsdeildinni. Allir þessir meðlimir æskulýðsdeildarinnar stóðu sig vel í verkefnum sínum og voru féluginu til sóma.

Börn unglingar og ungmenni settu einnig svip á mót sem haldin voru á vegum félagsins með þátttöku sinni og sóttu mót í nágrennabyggðum eins og ístölt Austurlands, Fossgerðismót og fleira. Einnig var æskulýðsdeildin með flóamarkað á firmakeppni og félagsmóti og safnaði fé til starfseminnar.



Fjölskyldudagar voru haldnir í júlí þar sem ungir og aldnir skemmtu sér saman á félagssvæði Blæs.

Nokkur reiðnámskeið voru í boði á árinu og nutum við þar styrkja frá ungmennafélaginu Agli Rauða til að niðurgreiða fyrir krakkana.

Þetta var það helsta sem æskulýðsdeildin fékkst við á árinu☺

Með bestu kveðju

Æskulýðsnefnd Blæs